

## HAGNAÐUR EIMSKIPS JÓKST UM 30,8% Á MILLI ÁRA

- Rekstrartekjur voru 499,6 milljónir evra, jukust um 48,0 milljónir evra eða 10,6% frá 2014
- EBITDA nam 45,2 milljónum evra samanborið við 38,5 milljónir evra 2014 og jókst um 17,3%
- Hagnaður nam 17,8 milljónum evra samanborið við 13,6 milljónir evra 2014 og jókst um 30,8%
- Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 4,2% á milli ára
- Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 7,5% á milli ára
- Eiginfjárlutfall var 64,2% og nettóskuldir námu 35,4 milljónum evra í árslok
- Stjórn félagsins leggur til 6,50 króna arðgreiðslu á hlut sem er 30% hækkun arðs frá 2015
- Áætluð EBITDA ársins 2016 er á bilinu 46 til 50 milljónir evra

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q4 2015	Q4 2014	Breyting	%	2015	2014	Breyting	%
Rekstrartekjur	130.610	118.794	11.816	9,9%	499.581	451.555	48.026	10,6%
Rekstrargjöld	120.863	109.953	10.910	9,9%	454.384	413.013	41.371	10,0%
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA</b>	<b>9.747</b>	<b>8.841</b>	<b>906</b>	<b>10,2%</b>	<b>45.197</b>	<b>38.542</b>	<b>6.655</b>	<b>17,3%</b>
Afskriftir	(7.271)	(6.052)	(1.219)	(20,1%)	(24.729)	(23.195)	(1.534)	(6,6%)
<b>Rekstrarhagnaður - EBIT</b>	<b>2.476</b>	<b>2.789</b>	<b>(313)</b>	<b>(11,2%)</b>	<b>20.468</b>	<b>15.347</b>	<b>5.121</b>	<b>33,4%</b>
Nettó fjármunatekjur	392	169	223	132,0%	419	591	(172)	(29,1%)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	79	(30)	109	-	331	229	102	44,5%
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>2.947</b>	<b>2.928</b>	<b>19</b>	<b>0,6%</b>	<b>21.218</b>	<b>16.167</b>	<b>5.051</b>	<b>31,2%</b>
Tekjuskattur	(658)	(638)	(20)	(3,1%)	(3.416)	(2.560)	(856)	(33,4%)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>2.289</b>	<b>2.290</b>	<b>(1)</b>	<b>(0,0%)</b>	<b>17.802</b>	<b>13.607</b>	<b>4.195</b>	<b>30,8%</b>
<b>Leiðrétt fyrir einskiptisliðum</b>								
Tekjubreyting	9,9%	11,2%			10,6%	4,1%		
EBITDA / rekstrartekjur	7,5%	7,4%			9,0%	8,5%		
EBIT / rekstrartekjur	1,9%	2,3%			4,1%	3,4%		
Nettóskuldir / LTM EBITDA	0,78	0,65			0,78	0,65		
<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>	<b>Breyting</b>	<b>%</b>	<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>	<b>Breyting</b>	<b>%</b>
<b>Eignir</b>	<b>355.157</b>	<b>332.040</b>	<b>23.117</b>	<b>7,0%</b>	<b>355.157</b>	<b>332.040</b>	<b>23.117</b>	<b>7,0%</b>
Fastafjármunir	233.280	214.278	19.002	8,9%	233.280	214.278	19.002	8,9%
Veltufjármunir	121.877	117.762	4.115	3,5%	121.877	117.762	4.115	3,5%
<b>Eigið fé</b>	<b>228.124</b>	<b>216.472</b>	<b>11.652</b>	<b>5,4%</b>	<b>228.124</b>	<b>216.472</b>	<b>11.652</b>	<b>5,4%</b>
<b>Skuldir</b>	<b>127.033</b>	<b>115.568</b>	<b>11.465</b>	<b>9,9%</b>	<b>127.033</b>	<b>115.568</b>	<b>11.465</b>	<b>9,9%</b>
Langtímaskuldir	55.550	49.904	5.646	11,3%	55.550	49.904	5.646	11,3%
Skammtímaskuldir	71.483	65.664	5.819	8,9%	71.483	65.664	5.819	8,9%
Vaxtaberandi skuldir	71.401	64.432	6.969	10,8%	71.401	64.432	6.969	10,8%
Nettóskuldir	35.418	24.893	10.525	42,3%	35.418	24.893	10.525	42,3%
Efnislegar eignir / heildareignir	92,6%	94,2%			92,6%	94,2%		
Eiginfjárlutfall	64,2%	65,2%			64,2%	65,2%		
<b>Sjóðstreymi</b>	<b>Q4 2015</b>	<b>Q4 2014</b>	<b>Breyting</b>	<b>%</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>	<b>Breyting</b>	<b>%</b>
Handbært fé frá rekstri	15.574	12.713	2.861	22,5%	37.357	31.603	5.754	18,2%
Fjárfestingarhreyfingar	4.032	(4.382)	8.414	-	(35.206)	(18.311)	(16.895)	(92,3%)
Fjármögnunarhreyfingar	(11.611)	(2.108)	(9.503)	-	(5.173)	(572)	(4.601)	-
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>7.995</b>	<b>6.223</b>	<b>1.772</b>	<b>28,5%</b>	<b>(3.022)</b>	<b>12.720</b>	<b>(15.742)</b>	<b>-</b>
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(1.262)	(857)	(405)	47,3%	(534)	449	(983)	-
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>35.983</b>	<b>39.539</b>	<b>(3.556)</b>	<b>(9,0%)</b>	<b>35.983</b>	<b>39.539</b>	<b>(3.556)</b>	<b>(9,0%)</b>

## GYLFI SIGFÚSSON FORSTJÓRI

„Rekstrarniðurstaða ársins 2015 var í samræmi við væntingar okkar, 10,6% tekjuvöxtur og 17,3% hækkun EBITDA frá fyrra ári. Árið skilaði hæstu rekstrartekjum og EBITDA frá árinu 2009. Flutningsmagn í áætlunarsiglingum félagsins á Norður-Atlantshafi jókst um 4,2% á milli ára. Mikill vöxtur var í flutningum tengdum Íslandi á meðan magn tengt Færeyjum dróst lítillega saman vegna breytts flutningamynsturs á uppsjávarfiski. Góður gangur hefur verið í Noregi eftir erfiðleika á fyrsta ársfjórðungi. Flutt magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 7,5% á milli ára.

Rekstrartekjur á fjórða ársfjórðungi námu 130,6 milljónum evra og jukust um 9,9% samanborið við sama ársfjórðung 2014. EBITDA nam 9,7 milljónum evra á fjórðungnum og jókst um 10,2% samanborið við fjórða ársfjórðung árið áður, en að teknu tilliti til óreglulegs kostnaðar jókst EBITDA um 20,4%. Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 10,1% og magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 6,6% samanborið við fjórða ársfjórðung 2014.

Á árinu 2015 gekk félagið frá kaupum á fimm fyrirtækjum sem hafa verið innleidd í samstæðuna og eru að skila góðri afkomu. Félagið heldur áfram að meta möguleg fjárfestingartækifæri til vaxtar í samræmi við stefnu félagsins. Sterk fjárhagsstaða Eimskips og þau tækifæri sem eru í greininni setja félagið í góða stöðu til að ráðast í slík verkefni.

Eimskip hefur tekið á leigu gámaskipið Ceres, 880 gámaeininga kranalaust skip, frá og með marsmánuði. Skipið er systurskip Lagarfoss sem félagið lét smíða og tekið var í notkun á árinu 2014. Nafni Ceres verður breytt í Bakkafoss og mun skipið þjóna á gulu leiðinni þar sem það leysir af hólmi Brúarfoss, 724 gámaeininga skip, sem fært verður á aðra leið eða í önnur verkefni. Nýr hafnarkrani verður tekinn í notkun í Sundahöfn í mars og verður krani úr Sundahöfn fluttur til Vestmannaeyja. Með þessum breytingum mun félagið hafa möguleika á að nota kranalaus skip á bláu og gulu leiðinni.

Skip á gulu leiðinni munu á öðrum ársfjórðungi hefja reglulegar viðkomur í Helguvík til að þjóna kísilmálmframleiðslu United Silicon og öðrum fyrirtækjum á svæðinu.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2016 sem nemur 6,50 krónum á hlut, en það er 30% hækkun frá fyrra ári þegar arðgreiðslan nam 5,00 krónum á hlut. Nemur heildarjánhæð arðgreiðslunnar 1.213,2 milljónum króna, eða 8,5 milljónum evra.

Fyrstu vikur ársins lofa góðu í samanburði við síðasta ár, bæði hvað varðar magn og afkomu. Afkomuspá okkar fyrir árið 2016 er EBITDA á bilinu 46 til 50 milljónir evra. Áætluð afkoma tengd nýjum fjárfestingum í fyrirtækjum og innviðum er ekki talin með í afkomuspá ársins.“

## REKSTUR ÁRSINS 2015

Rekstrartekjur Eimskips á árinu 2015 námu 499,6 milljónum evra samanborið við 451,6 milljónir evra á árinu 2014 sem er aukning um 10,6%. Tekjur af áætlunarsiglingum námu 358,0 milljónum evra samanborið við 330,6 milljónir evra á fyrra ári og jukust þær um 8,3% á milli ára. Heildaraukning í magni í áætlunarsiglingum nam 4,2% frá 2014, einkum vegna verulegs vaxtar í flutningum tengdum Íslandi og þess að flutningar í Noregi hafa náð sér á strik eftir að hafa farið hægt af stað á fyrsta ársfjórðungi, en nokkur samdráttur var í magni tengdu Færeyjum meðal annars vegna þess að breytt mynstur er á flutningum á uppsjávarfiski. Tekjur af flutningsmiðlun námu 141,6 milljónum evra samanborið við 121,0 milljón evra á árinu 2014 og jukust þær um 17,0%, einkum vegna aukningar í magni, samsetningar flutninga, gengisþróunar og fjárfestinga í nýjum fyrirtækjum í samstæðu Eimskips. Flutt magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 7,5% á milli ára.

Rekstrargjöld fyrirtækisins námu alls 454,4 milljónum evra samanborið við 413,0 milljónir evra árið 2014 og jukust um 10,0%. Þar af nam rekstrarkostnaður 358,3 milljónum evra samanborið við 331,5 milljónir evra árið áður sem er 8,1% hækkun. Laun og launatengd gjöld námu 96,1 milljón evra á tímabilinu og jukust um 17,9% frá fyrra ári, en þar af skýrast 6,6% af almennum launahækkunum, 4,2% af gengisbreytingum, 4,1% af nýjum fyrirtækjum í samstæðunni og 3,0% af auknum umsvifum og yfirvinnu.

EBITDA ársins nam 45,2 milljónum evra samanborið við 38,5 milljónir evra árið 2014 og samsvarar það 17,3% aukningu. EBITDA hlutfall tímabilsins nam 9,0% samanborið við 8,5% árið áður. Tekjur að fjárhæð 2,0 milljónir evra höfðu áhrif á EBITDA ársins, en um var að ræða söluhagnað og tjonabætur sem færðar voru á þriðja ársfjórðungi vegna gámaskipsins í smíðum í Kína sem hætt var við kaup á. EBITDA af áætlunarsiglingum félagsins nam 35,8 milljónum evra samanborið við 32,7 milljónir evra á árinu 2014 sem er aukning um 9,5%. EBITDA hlutfall áætlunarsiglinga var 10,0% samanborið við 9,9% EBITDA hlutfall á fyrra ári. EBITDA af flutningsmiðlunarstarfsemi nam 9,4 milljónum evra samanborið við 5,8 milljóna evra EBITDA 2014 og jókst um 61,2%. EBITDA hlutfall flutningsmiðlunar var 6,6% samanborið við 4,8% á fyrra ári og skýrist hækkunin einkum af nýjum fyrirtækjum í samstæðunni sem hækka EBITDA hlutfallið. Áhrif nýrra fyrirtækja sem tekin voru yfir á árinu 2015 hækkuðu EBITDA um 1,8 milljónir evra.

Afskriftir ársins námu 24,7 milljónum evra samanborið við 23,2 milljónir evra á árinu 2014. Aukningin skýrist aðallega af aukinni fjárfestingu í rekstrarfjármunum og nýjum fyrirtækjum innan samstæðunnar.

Rekstrarhagnaður ársins, EBIT, nam 20,5 milljónum evra samanborið við 15,3 milljónir evra 2014 og jókst um 33,4%.


Nettó fjármunatekjur námu 0,4 milljónum evra samanborið við 0,6 milljóna evra nettó fjármunatekjur árið 2014. Aukinn fjármagnskostnaður vegna aukinna vaxtaberandi skulda á árinu var bættur upp af hærri gengishagnaði árið 2015 en árið áður. Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga nam 0,3 milljónum evra samanborið við 0,2 milljónir evra árið áður.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 21,2 milljónum evra samanborið við 16,2 milljóna evra hagnað fyrir tekjuskatt árið 2014 og er það hækkun um 5,1 milljón evra eða 31,2%.

Gjaldfærður tekjuskattur tímabilsins nam 3,4 milljónum evra samanborið við 2,6 milljónir evra á árinu 2014. Virkt tekjuskattshlutfall árið 2015 var 16,1% sem er svipað og árið áður.

Hagnaður ársins eftir skatta nam 17,8 milljónum evra samanborið við 13,6 milljóna evra hagnað 2014 og er það hækkun um 4,2 milljónir evra eða 30,8%.

Eins og sjá má á eftirfarandi myndum þá hefur flutt magn bæði í áætlunarsiglingum félagsins og flutningsmiðlun verið að aukast jafnt og þétt frá árinu 2010. Magnvísitalan á hægri ásnum miðast við að magnið árið 2010 sé 100.




Miklar breytingar voru gerðar á siglingakerfi félagsins í mars 2013 sem juku afkastagetu þess og í febrúar 2014 var ráðist í aðlögun á kerfinu, meðal annars vegna þess að slæm veðurskilyrði til siglinga settu áætlunarkerfið úr skorðum. Bætt var við nýrri siglingaleið, gráu leiðinni, á milli Færeyja og Skotlands til að auka sveigjanleika kerfisins og áreiðanleika þjónustunnar við viðskiptavinum. Í febrúar 2015 voru græna leiðin, sem siglir á milli Íslands og Norður-Ameríku með viðkomu í Sortland í Noregi, og rauða leiðin, sem annaðist strandsiglingar við Ísland með tengingu við Evrópu, sameinaðar í nýja græna leið með þremur skipum sem sigla beint á milli Evrópu og Norður-Ameríku með viðkomum á Íslandi. Í október 2015 fékk gráa leiðin aukið hlutverk þar sem öðru 500 gámaeininga leiguskipi var bætt við leiðina til að auka afkastagetu og bætt var við viðkomum í Árhús í Danmörku, Halmstad í Svíþjóð og í Swinoujscie í Pólandi.

Félagið er með 20 skip í rekstri, þar af fjórtán eigin skip og sex leiguskip. Þrettán skipanna eru í áætlunarsiglingum, þrjú eru í „spot“ þjónustu, eitt er í stórlutningum og þrjú í ferjusiglingum.

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi myndum, en á árinu 2015 var mikill vöxtur í tekjum og EBITDA. Myndirnar sýna hvernig rekstrartekjur og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, skiptast á ársfjórðungi á árunum 2011 til 2015.

Á myndunum hafa rekstrartekjur og EBITDA verið leiðrétt fyrir einskiptisliðum á árunum 2011 og 2012. Rekstrartekjur og EBITDA á fyrsta ársfjórðungi 2011 hafa verið lækkaðar um 6,4 milljónir evra vegna innheimtu á áður afskrifaðri kröfu. EBITDA hefur hins vegar verið hækkuð um 0,7 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2011 vegna strands Goðafoss og um 0,7 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2012 vegna kostnaðar við skráningu félagsins. Að lokum var EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2012 hækkuð um alls 3,9 milljónir evra, þar af um 1,0 milljón evra vegna skráningar félagsins og um 2,9 milljónir evra vegna kostnaðar við kauprétti sem fallið var frá.

Í milljónum evra



## REKSTUR FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGS

- Tekjur námu 130,6 milljónum evra, jukust um 11,8 milljónir evra eða 9,9% frá Q4 2014
- EBITDA nam 9,7 milljónum evra, jókst um 0,9 milljónir evra eða 10,2% frá Q4 2014
- Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 10,1% frá Q4 2014
- Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 6,6% frá Q4 2014

Rekstrartekjur Eimskips námu 130,6 milljónum evra á fjórða ársfjórðungi 2015 samanborið við 118,8 milljónir evra á sama tímabili 2014 og jukust um 9,9%. Tekjur af áætlunarsiglingum félagsins námu 94,7 milljónum evra samanborið við 84,5 milljónir evra á fjórða ársfjórðungi fyrra árs og jukust um 12,1% á milli ára. Magn í áætlunarsiglingum jókst um 10,1% á fjórðungnum samanborið við sama tímabil í fyrra, en verulegur vöxtur var í flutningum tengdum Íslandi og góður vöxtur í Noregi á meðan magn tengt Færeyjum dróst lítillega saman. Tekjur af flutningsmiðlun námu 35,9 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 34,3 milljónir á sama tímabili 2014, en það samsvarar 4,7% vexti. Flutt magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 6,6% samanborið við fjórða ársfjórðung 2014. Aukningu í fluttu magni sem skilar sér ekki að fullu í tekjuaukningu má að miklu leyti skýra með lækkandi verði á flutningum á alþjóðlegum flutningamörkuðum á síðustu mánuðum ársins.

Rekstrargjöld fyrirtækisins námu alls 120,9 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 110,0 milljónir evra á sama tímabili 2014 og jukust um 9,9%. Þar af nam rekstrarkostnaður 94,8 milljónum evra samanborið við 88,2 milljónir evra á fjórða ársfjórðungi árið áður sem er 7,6% hækkun. Laun og launatengd gjöld námu 26,0 milljónum evra á tímabilinu samanborið við 21,8 milljónir evra og jukust um 19,4% frá sama fjórðungi fyrra árs. Meðal rekstrarkostnaðar fjórðungsins voru færðar 0,9 milljónir evra vegna sektar sem tengist fyrirtæki sem varð gjaldþrota fyrir nauðasamningana 2009 og er sektin vegna árána 2007 til 2009.

EBITDA nam 9,7 milljónum evra á fjórða ársfjórðungi samanborið við 8,8 milljónir evra á sama tímabili 2014 og er það 10,2% hækkun. EBITDA hlutfall fjórðungsins nam 7,5%, lítillega hærra en 7,4% EBITDA hlutfall á sama fjórðungi fyrra árs. Ef tekið væri tillit til ofangreinds óreglulegs kostnaðarliðar að fjárhæð 0,9 milljónir evra, yrði EBITDA hlutfall fjórðungsins 8,2%. EBITDA hlutfall áætlunarsiglinga var 8,5% samanborið við 9,0% á sama fjórðungi fyrra árs. EBITDA hlutfall flutningsmiðlunarstarfsemi var 4,8% og jókst úr 3,6% á fjórða ársfjórðungi 2014.

Afskriftir námu 7,3 milljónum evra samanborið við 6,1 milljón evra á fjórða ársfjórðungi 2014. Hækkunin skýrist af reglubundnu viðhaldi og endurbótum skipa, afskriftum í nýjum félögum í samstæðunni og auknum fjárfestingum.

Rekstrarhagnaður fjórðungsins, EBIT, nam 2,5 milljónum evra samanborið við 2,8 milljónir evra á sama tímabili á fyrra ári og dróst saman um 11,2%.

Nettó fjármunatekjur námu 0,4 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 0,2 milljóna evra nettó fjármunatekjur á fjórða ársfjórðungi 2014. Aukinn fjármagnskostnaður vegna aukinna vaxtaberandi skulda á fjórðungnum var bættur upp af hærri gengishagnaði en á fjórða ársfjórðungi árið áður. Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagana nam 79 þúsund evrum á fjórðungnum samanborið við 30 þúsund evra hlutdeild í tapi á fjórða ársfjórðungi fyrra árs.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 2,9 milljónum evra sem er sama fjárhæð og á fjórða ársfjórðungi fyrra árs.

Gjaldfærður tekjuskattur fjórðungsins nam 0,7 milljónum evra samanborið við 0,6 milljónir evra á sama tímabili í fyrra. Virkt tekjuskattshlutfall á fjórðungnum var 22,3% sem er svipað og á sama tímabili árið áður.

Hagnaður fjórða ársfjórðungs eftir skatta nam 2,3 milljónum evra og er það sami hagnaður og á fjórða ársfjórðungi 2014.

## EFNAHAGUR

- **Heildareignir námu 355,2 milljón evra í árslok 2015**
- **Eiginfjárhlutfall var 64,2%**
- **Vaxtaberandi skuldir námu 71,4 milljónum evra**
- **Nettóskuldir námu 35,4 milljónum evra**

Heildareignir Eimskips námu 355,2 milljónum evra þann 31. desember 2015. Til samanburðar námu heildareignir 332,0 milljónum evra í árslok 2014.

Fastafjármunir námu 233,3 milljónum evra í árslok samanborið við 214,3 milljónir evra í árslok 2014. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 31,7 milljónum evra samanborið við 19,4 milljónir evra árið 2014.

Veltufjármunir félagsins námu 121,9 milljónum evra í lok ársins samanborið við 117,8 milljónir evra í árslok 2014. Viðskiptakröfur hækkuðu á milli ára vegna aukinna tekna, gengisþróunar og vegna nýrra fyrirtækja í samstæðunni. Handbært fé nam 36,0 milljónum evra í árslok samanborið við 39,5 milljónir evra í lok árs 2014.

Eigið fé nam 228,1 milljón evra í árslok 2015 og var eiginfjárhlutfallið 64,2%. Arður að fjárhæð 933,2 milljónir króna, jafngildi 6,3 milljóna evra, var greiddur hluthöfum í apríl. Til samanburðar nam eigið fé 216,5 milljónum evra í árslok 2014 og eiginfjárhlutfallið var 65,2%.

Skammtímaskuldir námu 71,5 milljónum evra í árslok samanborið við 65,7 milljónir evra í lok árs 2014. Viðskiptaskuldir jukust á milli ára vegna aukinna umsvifa, gengisþróunar og vegna nýrra fyrirtækja í samstæðunni.

Vaxtaberandi skuldir námu 71,4 milljónum evra í lok ársins samanborið við 64,4 milljónir evra í árslok 2014. Nettóskuldir námu 35,4 milljónum evra í árslok samanborið við 24,9 milljónir evra í árslok 2014. Hækkun nettóskulda stafar einkum af fjárfestingu í innviðum og nýjum fyrirtækjum.

## SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

---

- **Handbært fé frá rekstri nam 37,4 milljónum evra á árinu 2015**
- **Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 35,2 milljón evra**
- **Handbært fé var 36,0 milljónir evra í árslok 2015**

Handbært fé frá rekstri nam 37,4 milljónum evra á árinu 2015 samanborið við 31,6 milljónir evra á árinu 2014.

Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 35,2 milljónum evra samanborið við 18,3 milljónir evra á árinu á undan. Þar af námu fjárfestingarhreyfingar tengdar kaupum á nýjum fyrirtækjum 7,0 milljónum evra. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 48,3 milljónum evra, en þar af voru fjárfestingar fyrir 3,4 milljónir evra sem ekki höfðu áhrif á sjóðstreymi. Stærstu fjárfestingarnar voru nýja frystigeymslan í Hafnarfirði og tveir nýir hafnarkranar. Til samanburðar námu heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum 20,5 milljónum evra árið 2014, þar af fjárfestingar að fjárhæð 1,8 milljónir evra sem ekki höfðu áhrif á sjóðstreymi. Félagið fékk í október endurgreiðslu vegna samnings um smíði á skipi í Kína sem var rift og nam fjárhæðin 14,1 milljón evra.

Nettó ústreymi fjármagns vegna fjármögnunarhreyfinga nam 5,2 milljónum evra samanborið við 0,6 milljónir evra á árinu 2014. Breytingin skýrist einkum af hærri arðgreiðslu á árinu 2015 en árið áður.

Sjóðsflæði var neikvætt um 3,0 milljónir evra samanborið við jákvætt sjóðsflæði að fjárhæð 12,7 milljónir evra á árinu 2014. Handbært fé í árslok nam 36,0 milljónum evra samanborið við 39,5 milljónir evra í lok ársins 2014.

## ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS 2016

---

Afkomuspá fyrir árið 2016 er að EBITDA verði á bilinu 46 til 50 milljónir evra.

Almennt séð eru horfur fyrir árið 2016 jákvæðar. Félagið gerir ráð fyrir áframhaldandi vexti í magni tengdu Íslandi. Frystiflutningar í Noregi áttu erfitt uppdráttar á fyrsta ársfjórðungi 2015 en útlitið fyrir þetta ár er jákvætt. Gert er ráð fyrir samdrætti í magni tengdu Færeyjum vegna breytts flutningamynsturs á uppsjávarfiski. Gert er ráð fyrir að vöxtur í frystiflutningum verði í samræmi við vöxt á mörkuðum almennt, en kaup á nýjum fyrirtækjum á árinu 2015 munu styrkja þjónustu félagsins í frystiflutningsmiðlun til framtíðar.

Enn er óvissa varðandi kjarasamninga við hluta íslenskra áhafna á skipum félagsins, auk almennrar óvissu varðandi efnahagsaðstæður á heimsvísu, flutningsmagn, verð á flutningum, olíukostnað, gengisþróun og samkeppni.

## HLUTHAFAR

---

- **Markaðsvirði félagsins var 44,0 milljarðar króna þann 24. febrúar 2016**

Viðskipti með bréf Eimskips hófust á Nasdaq Iceland þann 16. nóvember 2012. Útboðsgengi var 208,00 krónur á hlut og var lokaverð í árslok 2012 230,00 krónur á hlut.

Nokkrar sveiflur voru á lokaverði bréfa Eimskips á árinu 2015. Lokaverðið var á bilinu 206,00 krónur á hlut þann 4. júní til 264,50 króna á hlut þann 3. nóvember, með meðaltalslokaverði ársins 235,22 krónum á hlut og árslokaverði 235,50 krónum á hlut. Lokaverð þann 24. febrúar 2016 var 236,00 krónur og var

markaðsvirði félagsins miðað við fjölda útstandandi hluta því 44,0 milljarðar króna þann dag sem jafngildir 309,7 milljónum evra.

Fjöldi útgefina hluta er 200.000.000, þar af eru 186.639.230 útstandandi hlutir og 13.360.770 eigin hlutir. Fjöldi hluthafa í árslok 2015 var 955 og voru hluthafar 902 að tölu þann 24. febrúar 2016.

Arðgreiðslustefna Eimskips er að árleg arðgreiðsla jafngildi 10-50% af hagnaði eftir skatta. Ákvörðun um arðgreiðslu og nákvæma fjárhæð er háð áætlun fyrirtækisins um fárfestingar, horfum á markaði og fullnægjandi fjármagnsskipan á hverjum tíma. Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2016 sem nemur 6,50 krónum á hlut. Nemur heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 1.213,2 milljónum króna eða 8,5 milljónum evra, sem samsvarar 47,9% af hagnaði ársins 2015.

## LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

### Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q4 2015	Q3 2015	Q2 2015	Q1 2015	Q4 2014
Rekstrartekjur	130.610	129.721	126.587	112.663	118.794
Rekstrargjöld	120.863	113.361	113.281	106.879	109.953
EBITDA	9.747	16.360	13.306	5.784	8.841
EBIT	2.476	10.427	7.516	49	2.789
Hagnaður tímabilsins	2.289	8.474	5.515	1.524	2.290
EBITDA / rekstrartekjur	7,5%	12,6%	10,5%	5,1%	7,4%
EBIT / rekstrartekjur	1,9%	8,0%	5,9%	0,0%	2,3%
Efnahagsreikningur	31.12.2015	30.09.2015	30.06.2015	31.03.2015	31.12.2014
Eignir	355.157	370.650	357.667	341.538	332.040
Eigið fé	228.124	225.958	219.400	214.879	216.472
Skuldir	127.033	144.692	138.267	126.659	115.568
Vaxtaberandi skuldir	71.401	81.769	77.012	64.703	64.432
Nettóskuldir	35.418	52.519	40.001	30.277	24.893
Eiginfjárhlutfall	64,2%	61,0%	61,3%	62,9%	65,2%
Sjóðstreymi	Q4 2015	Q3 2015	Q2 2015	Q1 2015	Q4 2014
Handbært frá rekstri	15.574	6.889	11.811	3.083	12.713
Fjárfestingarhreyfingar	4.032	(15.780)	(14.963)	(8.495)	(4.382)
Fjármögnunarhreyfingar	(11.611)	1.876	5.929	(1.367)	(2.108)
Handbært fé í lok tímabils	35.983	29.250	37.011	34.426	39.539

## RANNSÓKN SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins stendur enn yfir. Eftirlitið óskaði eftir frekari upplýsingum frá félaginu og voru þær afhentar í febrúar 2016. Eimskip mun áfram leggja sig fram um að veita svör í samræmi við lagalegar skyldur félagsins. Það er fyrirtækinu fyrir bestu að niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir sem allra fyrst.

## ÖNNUR MÁL

Í desember 2015 var eignarhaldsfélag í eigu samstæðunnar sektað um 0,9 milljónir evra í tengslum við eignarhald á fyrirtæki sem varð gjaldþrota fyrir nauðasamninginn árið 2009. Sektin er fyrir tímabilið 2007

til 2009. Eignarhaldsfélag samstæðunnar gjaldfærði kostnaðinn á fjórða ársfjórðungi 2015. Eignarhaldsfélagið undirbýr nú áfrýjun málsins.

## UM EIMSKIP

---

Eimskip rekur 57 starfsstöðvar í 19 löndum og er með 20 skip í rekstri. Félagið hefur á að skipa um 1.580 starfsmönnum. Um helmingur tekna félagsins kemur frá starfsemi utan Íslands. Stefna félagsins er að veita framúrskarandi flutningaþjónustu á Norður-Atlantshafi ásamt því að bjóða víðtæka og öfluga þjónustu í alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun.

## KYNNINGARFUNDUR 26. FEBRÚAR 2016

---

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 26. febrúar 2016 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon forstjóri og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, munu kynna uppgjör félagsins fyrir árið 2015 og fjórða ársfjórðung. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á fjárfestasiðu félagsins, [www.eimskip.is/investors](http://www.eimskip.is/investors), og í fréttakerfi Nasdaq Nordic.

## SAMÞYKKI STJÓRNAR

---

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti endurskoðaðan ársreikning samstæðu Eimskips fyrir árið 2015 á stjórnarfundum þann 25. febrúar 2016.

## FJÁRHAGSDAGATAL

---

- Aðalfundur 2016 verður haldinn 17. mars 2016
- Uppgjör fyrsta ársfjórðungs 2016 verður birt 26. maí 2016
- Uppgjör annars ársfjórðungs 2016 verður birt 25. ágúst 2016
- Uppgjör þriðja ársfjórðungs 2016 verður birt 17. nóvember 2016
- Uppgjör fjórða ársfjórðungs 2016 verður birt 23. febrúar 2017
- Aðalfundur 2017 verður haldinn 23. mars 2017

## FREKARI UPPLÝSINGAR

---

- Gylfi Sigfússon forstjóri, sími: 525 7202
- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, sími: 525 7202
- Erna Eiríksdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla, sími: 825 7220, netfang: [investors@eimskip.is](mailto:investors@eimskip.is)

## TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

---

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.